

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Lækjartún og Kálfholt.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi fyrir svæðið Lækjartún og Kálfholt. Gert er ráð fyrir stærri lóð og breyttri legu lóðar. Ný lóð er afmörkuð, Kálfholt K4, sem stofnuð er úr landi Kálfholts og sameinuð við Laufbrekku. Ekki er gerð breyting á skilmálum í greinargerð. Samþykkt í hreppsnefnd 15. september 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Steinás, L176490.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi fyrir Steinás sem felur í sér að heimilt verði að stofna lóðir umhverfis byggingarreiti innan deiliskipulags. Samþykkt í hreppsnefnd 15. desember 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 29. desember 2021.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.